

43. Sambandsráðsfundur UMFÍ

29. október 2020 með fjarfundarformi

Dagskrá

Kl. 17:15

Setning.

Kosning fundarstjóra.

Skýrsla stjórnar UMFÍ.

Reikningar lagðir fram.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

Reikningar síðasta árs bornir upp til samþykktar.

Hvatningarverðlaun UMFÍ.

Mál frá stjórn lögð fram:

Fjárhagsáætlun 2021.

Mál frá sambandsaðilum lögð fram.

Fjárhagsáætlun 2021 borin upp til samþykktar.

Covid-19, staða og horfur í hreyfingunni.

Önnur mál.

Slit fundar.

Fundarsetning

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Góðir fundarmenn, stjórn UMFÍ og starfsfólk.

Ég býð ykkur öll velkomin til 43. sambandsráðsfundar UMFÍ sem að þessu sinni fer fram með mjög óvenjulegum hætti. Ég byrja á því að flytja ykkur kveðju mennta- og menningarmálaráðherra, Lilju D. Alfreðsdóttur.

Nú er um ár liðið frá síðasta þingi okkar og hefur sá tími allur verið um margt afar óvenjulegur. Tímamótaskref voru stigin í sögu UMFÍ á síðasta þingi þegar þrjú íþróttabandalög bættust við í raðir UMFÍ. Það er mikið framfaraskref fyrir íþrótta- og ungmennafélagshreyfinguna.

Þetta ár sem liðið er frá aðild íþróttabandalaganna að UMFÍ hefur verið afar gott hvað samstarf snertir. Samvinna innan íþróttahreyfingarinnar hefur aukist til muna – og það er gott. Því við stefnum öll að sama marki. Að gera gott starf enn betra – samfélaginu öllu til góða.

Þessi samhugur okkar og samstarf hefur verið sérstaklega mikilvægur nú.

Því þetta ár hefur verið skrýtið.

Frá í febrúar hefur starf okkar allra verið mjög krefjandi. Við höfum eins og nær allir orðið að fresta viðburðum og orðið fyrir fjárhagslegum skakkaföllum. Og eins og hendi væri veifað höfum við öll þurft að breyta háttum okkar og vinnulagi. Samfélagið er ekki eins og það var fyrir ári.

Við þurfum því miður að búast við því að þessi veirufjári geti truflað líf okkar fram á næsta ár. Við getum alveg eins ætlað okkur að stöðva vindinn eins og að eyða henni.

Við erum samhent og þess vegna þykir mér magnað að sjá stjórnendur og starfsfólk í íþrótta- og ungmennafélagshreyfingunni takast á við afleiðingar faraldursins af æðruleysi. Sama hvað bjátað hefur á.

Íþróttafólk og aðrir í hreyfingunni hafa tekið á málum á ábyrgan hátt, fylgt fyrirmælum sóttvarnayfirvalda. En á sama tíma hugsað í lausnum og fært æfingar yfir á annað og nýtt plan. Það bætir þjónustuna og þjónar iðkendum. Þetta er rétta hugsunin.

Í ungmenna- og íþróttahreyfingunni höfum við snúið bókum saman og unnið sem einn í baráttunni gegn veirunni. Við ætlum að vinna. Það gerum við saman!

Það er hinn sanni ungmennafélagsandi. Í honum felst að takast á við erfiðleika af æðruleysi – þar eru allir með – því við vinnum öll saman.

Ég vil hér staldra við og þakka stjórnvöldum stuðninginn í þeim hremmingum sem íþrótta- og ungmennafélagshreyfingin hefur glímt við. Sérstaklega þakka ég mennta- og menningarmálaráðherra fyrir atorku og hvatningu. Stuðningurinn er mikilvægur fyrir starfsemi okkar félaga.

Árið 2020 stefndi í að verða stórt mótaár. En faraldurinn olli því að við urðum að fresta öllum mótum um ár og taka okkur allt annað fyrir hendur en okkur hafði órað fyrir. Ég þakka, fyrir hönd stjórnar UMFÍ, öllum þeim sem sátu í framkvæmdanefndum mótanna fyrir ábyrgðina sem þau tóku á sig.

Ég hvet jafnframt framkvæmdanefndir til að vinna markvisst að því að undirbúa mótin á næsta ári. Okkur veitir svo sannarlega ekki af því að koma saman eftir þetta ár og taka á því á skemmtilegum mótum.

Við megum ekki gleyma því að nú sem aldrei fyrr er nauðsyn að vernda barna- og unglिंगastarf féláganna.

Atvinnuleysi hefur aukist og einhverjir berjast í bökkum. Það eykur hættuna á brottfalli barna og unglinga úr skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi. Mikilvægt er að við fylgjumst með þeirri þróun því sýnt hefur verið fram á að þátttaka í slíku starfi er jákvæð.

Við erum að sjálfsögðu með mörg verkefni á ýmsum stigum til að sporna við þeirri neikvæðu þróun sem hætta er á að sé við sjóndeildarhring. En um leið styrkja þá sem þegar eru í skipulögðu starfi. Það gerum við saman innan UMFÍ.

Á meðal samstarfsverkefna okkar sem ég vil vekja athygli á er „Allir með“ í Reykjanesbæ. Markmið verkefnisins er að hvetja fólk til þátttöku í skipulögðu starfi félaga. Einnig hefur Ungmennasamband Kjalarnesþings, UMSK, unnið með félögum í Kópavogi við að virkja eldri borgara til auka hreyfingu sína og um leið vellíðan þess hóps.

Nokkur mál í þessa veru eru í farvatninu.

Nú stendur fyrir dyrum vinna við stefnumótun UMFÍ. Óháð því hvernig faraldurinn þróast þá stefnum við að því að fara um allt landið, vinna náið með sambandsaðilum og Ungmennaráði UMFÍ. Stefnan miðar að því að styðja við starf íþrótta- og ungmennafélaga í heimahéruðum, hún horfir til umhverfismála, til félagslegra þátta og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. En ofar öðru munum við huga að eflingu lýðheilsu landsmanna, ekki síst hvers og eins.

Ég hvet sambandsaðila UMFÍ og aðildarfélög um allt land til að vinna að því að auka hreyfingu fólks. Það hefur ekki aðeins áhrif á þá sem eru í okkar félögum heldur samfélagið allt. Við eigum að einhenda okkur markvisst í að sinna af meiri krafti fólki sem stendur utan afreksíþrótta, þeim sem stunda óhefðbundnar íþróttir og að auka félagsstarf okkar.

Í samræmi við aðild þriggja íþróttabandalaga að UMFÍ fyrir ári er nauðsynlegt að fara í viðræður um endurskoðun á skiptingu lottofjármagns. Þær viðræður eru nú þegar farnar í gang. Við þurfum líka að fara í endurskoðun á stærð íþróttahéraða. Það verður mikilvæg umræða svo íþróttahreyfingin festist ekki í sama farinu heldur haldi áfram að þróast.

Ég vil nú að lokum benda á minnisblað frá okkur í stjórn UMFÍ. Við sendum ykkur öllum – sambandsaðilum – eintak af því fyrir sambandsráðsfundinn.

Á blaðsíðum 13 og 14 í minnisblaðinu er fjallað um aðgerðir sem hugsaðar eru sem sókn með nýjum áherslum í samvinnu yfirvalda og ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar. Þetta eru áhersluatriði sem við stefnum á að vinna að. Við erum tilbúin að vinna með stjórnvöldum að því að gera þau að veruleika og óskum eftir að vera kölluð að borðinu með þeim um hvaðeina sem snertir okkar sambandsaðila, félög og einstaklinga – þ.e.a.s. nær allt íþróttalífið á Íslandi.

Ég nefndi í upphafi að fundurinn væri óvenjulegur. Stjórn UMFÍ stefnir að því að halda hliðstæðan fund þegar Covid gefur eftir og leyft verður að boða til slíkra funda. Ekki rafrænan fund heldur til að geta átt samtalið.

Við horfum samstíga og horfum jákvæð fram á veginn þrátt fyrir allt. En þösum okkur á því að tapa ekki gleðinni í faraldrinum.

Í starfsmannamálum hafa orðið þær breytingar að Sabína Steinunn Halldórsdóttir landsfulltrúi hætti störfum nú í ágúst og vil ég hér fyrir hönd UMFÍ færa henni bestu þakkir fyrir samstarfið og óska henni alls hins besta á nýjum vettvangi.

Ég vil einnig nota tækifærið hér og þakka starfsfólki okkar og stjórnarfólki vel unnin störf og sérstaklega Auði Ingu framkvæmdastjóra og hennar starfsliði. Mikið álag hefur verið á þeim í faraldrinum og hafa þau lagt mikið á sig til að upplýsa sambandsaðila UMFÍ og íþróttahreyfinguna um þróun mála.

Munum eftir ungmennafélagsandanum og höfum hann leiðarljósið í lífi okkar. Styðjum við sjálfboðaliðana í hreyfingunni, það er hverju félagi nauðsyn.

Gangi ykkur vel í öllum ykkar störfum.

Ég segi 43.sambandsráðsfund UMFÍ settan.

Kosning fundarstjóra

Helgi Sigurður Haraldsson, HSK, var kosinn fundarstjóri og Engilbert Olgeirsson, HSK, til vara.

Kosning fundarritara

Sigurður Óskar Jónsson, stjórn UMFÍ og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, starfsmaður UMFÍ, voru kosnir fundarritarar.

Helgi þakkaði fyrir traustið og fór yfir nokkur hagnýt atriði fyrir fundinn.

Skýrsla stjórnar UMFÍ

Jóhann Steinar Ingimundarson, stjórn UMFÍ, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar. Í skýrslunni er farið yfir helstu verkefni hreyfingarinnar. Covid-19 faraldurinn hefur haft gríðarleg áhrif á starfsemi UMFÍ undanfarið ár. Öllum mótum á vegum UMFÍ var frestað um ár og verða mótsstaðir þeir sömu. Undirbúningsnefndir mótanna fá þakkir í skýrslunni. Covid-19 hefur einnig haft mikil áhrif á Ungmennabúðir UMFÍ, sem nýlega voru fluttar á Laugarvatn. Ungt fólk og lýðræði var haldið í september, þó með breyttu sniði vegna Covid-19. Jákvæðar niðurstöður fyrir íþrótt- og ungmennafélagshreyfinguna komu út úr Ánægjuvoginni. UMFÍ úthlutaði rúmum 182 milljónum króna

úr lottósjóði til sambandsaðila á árinu. Á sambandsþingi sem haldið var fyrir ári, voru þrjú íþróttabandalög, ÍBR, ÍBA og ÍA, samþykkt sem aðilar að UMFÍ. Á þinginu var jafnframt Helga Guðrún Guðjónsdóttir, fyrrverandi formaður UMFÍ, kjörin heiðursfélagi UMFÍ, fyrst kvenna.

Á tímum sem þessum er það ungmennafélagsandinn sem skiptir öllu. Hann þakkaði að lokum fundargestum fyrir þeirra framlag, sem er hreyfingunni og þjóðinni til heilla.

Reikningar lagðir fram

Guðmundur G. Sigurbergsson, gjaldkeri UMFÍ, gerði grein fyrir ársreikningi UMFÍ fyrir árið 2019. Tekjur umfram gjöld árið 2019 voru 36.952.033 kr. Rekstrarniðurstaða án fjármuna og fjármagnsliða var 11.387.774 kr.

Rekstrarhalli á Ungmennabúðum voru rúmar 16 milljónir króna. Það stafar af hærri húsaleigu á Laugarvatni en á Laugum, auk þess sem farið var í umtalsverðar og kostnaðarsamar úrbætur á húsnæðinu á Laugarvatni.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Valdimar Leó Friðriksson, UMSK, spyr um lið 7 í skýringum, um húsnæðiskostnað.

Engilbert Olgeirsson, HSK, þakkaði fyrir góða skýrslu. Veltir fyrir sér afkomu móta og spyr um ósótta bakfærða styrki úr sjóðum.

Guðmundur svaraði því til að stærstur hluti húsnæðiskostnaðar sé húsaleiga á Laugarvatni. Inni í því er einnig rekstur húsnæðis á Sigtúni 42. Guðmundur fór einnig yfir skýringar um afkomu Unglingalandsmóts UMFÍ og Landsmóts UMFÍ 50+.

Þorvaldur Gröndal, UMSS, spyr um afkomu fræðslu- og verkefnasjóðs, sem virðist vera 5,8 milljónir.

Guðmundur og Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, fóru yfir skýringar á því, sem snúa að því að þó nokkuð var um styrki sem ekki voru sóttir innan árs frá úthlutun.

Einar Haraldsson, Keflavík, þakkar fyrir góða og vel framlagða skýrslu. Spyr hvort ungmenna- og tómstundabúðirnar verði lengi í miklum mínus. Það sé ekki gott ef þetta verkefni dregur niður fjárhag UMFÍ.

Guðmundur G. Sigurbergsson, gjaldkeri UMFÍ, svarar því að ætlunin sé að UTB standi undir sér í framtíðinni. Það er alltaf kostnaður í byrjun en hann hefur fulla trú á því að til lengri tíma litið muni þetta verkefni ganga vel.

Auður Inga benti á að stjórn fræðslu- og verkefnasjóðs hefði hug á að koma breytingum á reglugerð um sjóðinn á koppinn.

Reikningar síðasta árs bornir upp til samþykktar

Ársreikningur ársins 2019 var síðan borinn upp til samþykktar og samþykktur með 29 atkvæðum. Einn tók ekki afstöðu.

Hvatningarverðlaun UMFÍ

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, veitti UÍA og Íþróttafélaginu Hetti Egilsstöðum, hvatningarverðlaun UMFÍ 2019. Sprettur sporlangi, lukkudýr UÍA, afhenti viðurkenninguna. Davíð Þór Sigurðarson formaður Íþróttafélagsins Hattar, veitti verðlaununum viðtöku og hélt stutta tölu.

Í rökstuðningi stjórnar kemur fram að hvatningarverðlaunin hljóti UÍA og íþróttafélagið Höttur vegna nýs íþróttahúss sem byggt var fyrir fimleika og frjálssar íþróttir á Egilsstöðum haustið 2020. Framkvæmdin öll er eftirtektarverð. Húsið var reist með ódýrari hætti en önnur hús. Hið ótrúlega gerðist líka að bæði tímaáætlanir og kostnaðaráætlanir stóðust. Það heyrir til undantekninga. Sjálfboðaliðar stýrðu verkinu og lögðu mikið á sig til að allt gengi eftir. Íþróttahúsið á Egilsstöðum eru UÍA og Íþróttafélaginu Hetti til sóma og eiga þau Hvatningarverðlaunin svo sannarlega skilin.

Mál lögð fyrir fundinn:

Mál frá stjórn:

Guðmundur G. Sigurbergsson, gjaldkeri UMFÍ, lagði fram tillögu nr. 1.

Tillaga nr. 1 - frá stjórn UMFÍ

43. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn í fjarfundi 29. október 2020, samþykkir eftirfarandi rekstraráætlun fyrir árið 2021.

HEILDARYFIRLIT UM REKSTUR 2021

Áætlun

	Aðalsjóður	Ungmennabúðir	Fræðslu og verk.sjóður	Umhverfis-sjóður	Samtals
Rekstrartekjur:					
Ríkisframlag	111.800.000	17.800.000			129.600.000
Lottó og getraunir	183.350.000		13.650.000		197.000.000
Aðrar tekjur	64.010.000	73.000.000		700.000	137.710.000
	359.160.000	90.800.000	13.650.000	700.000	464.310.000
Rekstrargjöld:					
Laun og launalengd gjöld	66.039.037	47.298.735			113.337.773
Annar rekstrarkostnaður	128.922.320	42.210.000			171.132.320
Lottó til sambandsaðila	154.326.500				154.326.500
Veittir styrkir	2.000.000		13.650.000	1.000.000	16.650.000
Afskriftir	3.498.000	1.224.600			4.722.600
	354.785.857	90.733.335	13.650.000	1.000.000	460.169.193
Afkoma f. fjármagnslíði	4.374.143	66.665	0	-300.000	4.140.807
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):					
Vaxtatekjur	1.500.000		1.000.000	500.000	3.000.000
Greiddir vextir og verðbætur	-1.782.000				-1.782.000
Áfallnar verðbætur	-1.140.000				-1.140.000
	-1.422.000	0	1.000.000	500.000	78.000
Rekstrarniðurstaða:	2.952.143	66.665	1.000.000	200.000	4.218.807
Sundurliðun					
	Aðalsjóður	Ungmennabúðir	Fræðslu og verk.sjóður	Umhverfis-sjóður	Samtals
Aðrar tekjur	64.010.000	73.000.000	0	700.000	137.710.000
Rekstrarframlög:	2.500.000	0			2.500.000
Framlög frá EUF - (Styrkir)	7.000.000				7.000.000
Kostunaraðilar:	15.300.000	0		700.000	16.000.000
Sölu tekjur:	12.540.000				12.540.000
Leigutekjur:	10.360.000	9.000.000			19.360.000
Þátttökugjöld:	16.310.000	64.000.000			80.310.000
Annar rekstrarkostnaður	128.922.320	42.210.000	0	0	171.132.320
Húsnæðiskostnaður:	10.377.400	22.650.000			33.027.400
Rekstur áhaldna og tækja:	2.300.000	1.000.000			3.300.000
Ferðakostnaður og rekstur bifreiða:	9.162.920	630.000			9.792.920
Skrifstofukostnaður:	3.760.000	925.000			4.685.000
Stjórnun og umsýsla:	22.500.000	1.275.000			23.775.000
Verkefni, kynning og útbreiðsla:	28.622.000	2.690.000			31.312.000
Erlend samskipti:	1.400.000	300.000			1.700.000
Mótahald:	50.800.000				50.800.000
Rekstur ungmennabúða:		12.740.000			12.740.000

Mál frá sambandsaðilum lögð fram

Engin mál frá sambandsaðilum lágu fyrir fundinum.

Fjárhagsáætlun 2021 borin upp til samþykktar

Fjárhagsáætlun var samþykkt með 26 atkvæðum. Einn tók ekki afstöðu.

Covid-19, staða og horfur í hreyfingunni

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, kynnti minnisblað UMFÍ um Covid-19, sem aðgengilegt er á heimasíðu UMFÍ.

Miklar áhyggjur eru af stöðu mála í hreyfingunni vegna COVID og er staða einstakra félaga mjög mismunandi. Tilgangurinn með minnisblaðinu er að taka saman stutt yfirlit um áhrifin og þá umræðu sem er til staðar í hreyfingunni. Áhyggjur og áskoranir félaganna eru miklar og fjölbreyttar um allt land. UMFÍ gerir tillögur byggðar á samtölum við aðila úr hreyfingunni. Um er bæði að ræða aðgerðir í vörn og sókn, enda lykilatriði í góðu íþróttastarfi að huga að báðum þáttum til að ná árangri. Til grundvallar er staða mála og þær aðgerðir sem nú þegar hefur verið gripið til af hálfu stjórnvalda. Eins er mikilvægt í íþróttum og æskulýðsstarfi að allt liðið stefni í sömu átt og því er samstarf í þessum málaflokki gríðarlega mikilvægt og tillögur UMFÍ grundvallast allar á þeim forsendum.

UMFÍ leggur fram eftirfarandi tillögur:

- Vörn
 - Starfsemi félaga - neyðarsjóður
 - Hlutabótaleið
 - Lokunarstyrkir
 - Tryggingagjald
- Sókn
 - Lýðheilsa
 - Frístundastyrkir
 - Íþróttahéruð
 - Fræðsla
 - Sjóðir
 - Markaðsherferð
 - Íþróttastefna ríkisins - aukin samvinna
 - Hagræn áhrif

Auður Inga lauk yfirferðinni á því að tilkynna það að Íslensk getsþá hefur greitt út aukagreiðslu til eignaraðila að fjárhæð 300 milljónir króna. Hluttur UMFÍ er 40 milljónir króna sem stjórn hefur samþykkt að greiða út til sambandsaðila í samræmi við reglugerð um skiptingu lottótekna UMFÍ.

Önnur mál og umræður um Covid-19

Haukur F. Valtýsson, formaður UMFÍ, lagði fram eftirfarandi ályktun:

43. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á rafrænu formi, 29. október 2020 hvetur Lilju D. Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, ríkisstjórn og alþingismenn til að styðja enn betur við íþrótt- og ungmennafélagshreyfinguna á komandi árum.

Óvissan sem nú er uppi í þjóðfélaginu hefur mikil áhrif á starfsemi íþrótt- og ungmennafélaga í landinu líkt og flestra annarra fyrirtækja og stofnana. Aðildarfélög UMFÍ gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki og miklu máli skiptir að starfsemi þeirra raskist ekki þótt nú kreppi tímabundið að í þjóðfélaginu.

Aukið brottfall barna úr skipulögðu íþróttastarfi hefur áhrif á forvarnir og kemur síðar fram m.a. í auknum kostnaði samfélagsins. En auk þess sem brottfall getur mögulega aukist þá hafa styrktaraðilar félaganna dregið að sér höndum og eru illfærari en áður til að leggja þeim til fé. Mikilvægt er að allt kapp sé lagt á að íþrótt- og ungmennafélagunum sé gert kleift að halda uppi fullri starfsemi nú þegar halla tekur undir fæti hjá styrktaraðilum félaganna.

Aukið atvinnuleysi í þjóðfélaginu gerir heimilunum erfiðara fyrir en áður. Af þeim sökum er ástæða til að óttast að börn og unglingar hverfi í auknum mæli frá skipulögðu íþróttastarfi af efnahagslegum ástæðum.

Gangi verstu spár eftir og atvinnuleysi eykst má því miður gera ráð fyrir því að innheimtur æfingagjalda verði þyngrri. Samfélagslegur kostnaður aukins brottfalls mun koma síðar fram í auknu álagi á velferðarkerfið. Börn sem búa við erfiðar efnahagslegar aðstæður og börn af erlendum uppruna eru hópar sem sérstaklega þarf að huga að. Mikilvægt er að stjórnvöld og íþrótt- og ungmennafélagshreyfingin standi þétt saman og sporni við því að börn og ungmenni hætti í skipulögðu íþróttastarfi.

Ungmennafélagshreyfingin vonast til þess að stjórnvöld sýni málinu skilning og standi vörð um skipulagt íþrótt og æskulýðsstarf barna- og ungmenna þjóðfélaginu bæði til skamms og langs tíma.

Þá hefur aldrei verið nauðsynlegra en einmitt nú að vinna að því að standa vörð um og efla lýðheilsu í samvinnu við fagfólk og yfirvöld, hvetja til þess að fólk á öllum aldri stundi hreyfingu og félagsþátttöku og efli þannig líkamlega, andlega og félagslega heilsu sína. Þetta er langtímaverkefni þar sem tilvalið er að horfa til sambandsaðila, féлага og einstaklinga í hreyfingunni.

Ungmenna- og íþróttahreyfingin byggir starf sitt að miklu leyti á sjálfbóðaliðum um allt land. Sjálfbóðaliðarnir eru rauði þráðurinn við hreyfinguna og starfið. Það er ómetanlegur þráður og hann má ekki slíta. Samhent átak og stuðningur við ungmennafélagshreyfinguna gerir sjálfbóðaliðunum kleift að halda áfram að leggja sitt af mörkum, bæta sjálfan sig og samfélagið um leið. Það er samfélaginu okkar til góða.

Haukur F. Valtýsson formaður UMFÍ, lagði fram eftirfarandi ályktun:

43. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á rafrænu formi 29. október 2020, færir mennta- og menningarmálaráðherra, Lilju D. Alfreðsdóttur, þakkir fyrir stuðning og hvatningu við íþrótt- og æskulýðsstarf í landinu á þeim erfiðleikatímum þegar COVID - 19 herjar á þjóðina.

Mikilvægi stuðnings er ótvírætt og hefur hjálpað til að milda neikvæð áhrif faraldursins.

Ingvar Sverrisson, ÍBR, þakkaði fyrir góðan fund, þó hann hefði kosið að hittast í eigin persónu. Ingvar sagðist hreykinn af íþróttahreyfingunni í þeim erfiðleikum sem hún hefur glímt við á árinu. Hann tók undir báðar ályktanirnar en hafði jafnframt miklar áhyggjur af komandi vetri, bæði í rekstri íþróttafélaga og heilsu félagsmanna.

Einar Haraldsson, Keflavík, sendi þakkir til Sabínu Steinunni Halldórsdóttur, sem hætti störfum fyrir UMFÍ í ágúst. Hann sendi jafnframt góðar kveðjur til Hattar á Egilsstöðum og þakkaði fyrir góð viðbrögð ungmennafélagshreyfingarinnar í verkefninu Allir með. Hann tók undir ályktanirnar og þakkaði fyrir góðan fund.

Helgi S. Haraldsson, fundarstjóri, bað þá fundarmenn sem væru andvígir þessum ályktunum að kveða sér hljóðs. Enginn kvaddi sér hljóðs og skoðast því ályktanirnar samþykktar. Helgi er jafnframt forseti bæjarstjórnar Árborgar og hvatti fundarmenn til að tala við sín sveitarfélög um það hvort er hægt að bjóða fyrr upp á styrki sem greiða á út á vormánuðum til stuðnings efnaminni fjölskyldna.

Þorvaldur Gröndal, UMSS, spurði um það sem Helgi sagði.

Valdimar Leó Friðriksson, UMSK, spurði um það sama og hvar málið situr fast.

Helgi S. Haraldsson fór nánar yfir málið. Þakkaði að lokum fyrir sig og gaf Hauki F. Valtýssyni orðið.

Fundarslit

Haukur F. Valtýsson, formaður UMFÍ, þakkaði fundarstjóra fyrir góða fundarstjórn og fundarmönnum fyrir góða mætingu og góðar umræður. Haukur upplýsti að fljótlega á næsta ári sé stefnt á svipaðan fund í eigin persónu þar sem verða m.a. kynnt þau mál sem leggja átti fyrir þennan fund skv. samþykktum síðasta sambandsþings. Haukur hvatti að lokum alla til að vanda sig í samskiptum við veiruna. Margir munu eiga erfitt á komandi mánuðum og nauðsynlegt að styðja félögin, sjálfboðaliðana og félagana. Þakkaði að lokum öllum fyrir góðan fund og sagði 43. sambandsráðsfundi slitið kl. 19:10.

Á fundinum voru:

Margrét Brynjólfsdóttir, HHF

Katrín Pálsdóttir, HSB

Hjörleifur K. Hjörleifsson, HSH

Guðríður Aadnegard, Engilbert Olgeirsson og Helgi S. Haraldsson, HSK

Harpa Óskarsdóttir, HSS

Jónas Egilsson, HSP

Ásgerður Þorleifsdóttir, HSV

Guðmunda Ólafsdóttir, ÍA

Geir Kristinn Aðalsteinsson, ÍBA

Ingvar Sverrisson og Frímann Ari Ferdinandsson, ÍBR

Jón Egill Jónsson, UDN

Benedikt Jónsson og Gunnar (Gassi) Gunnarsson, UÍA

Bragi Þór Svavarsson og Sigurður Guðmundsson, UMSB

Sigurður Eiríksson, UMSE

Valdimar Leó Friðriksson og Valdimar Gunnarsson, UMSK

Þorvaldur Gröndal, UMSS

Auður Ingimundardóttir og Rúnar Aðalbjörn Pétursson, USAH

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, USÚ

Guðrún Helga Magnúsdóttir, USVH

Fanney Ásgeirsdóttir og Erla Þórey Ólafsdóttir, USVS

Einar Haraldsson, Keflavík, íþrótta- og ungmennafélag

Bjarni Már Svavarsson, UMFG

Ólafur Eyjólfsson, UMFN

Marteinn Ægisson og Petra Ruth Rúnarsdóttir, UMFP

Einar Kristján Jónsson, Vesturhlíð

Haukur F. Valtýsson, Ragnheiður Högnadóttir, Sigurður Óskar Jónsson, Guðmundur G. Sigurbergsson, Jóhann Steinar Ingimundarson, Gunnar Gunnarsson, Gunnar Þór Gestsson, Lárus B. Lárusson og Gissur Jónsson, stjórn UMFÍ

Auður Inga Þorsteinsdóttir, Ragnheiður Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Ómar Bragi Stefánsson og Guðbirna Kristín Þórðardóttir, starfsmenn UMFÍ

Iðunn Bragadóttir, bókari UMFÍ.